

Endurnýjað samkomulag varðandi tímabundna staðsetningu lausra kennslustofa við leikskólann Hvamm

Með vísan til samkomulags Hafnarfjarðarbæjar og íbúa við Staðarhvammm frá 9. september 2008 sem var endurnýjað vorið 2009, í maí 2010, í júní 2012 og í júlí 2013, eru aðilar sammála um að framlengja til 15. júlí 2016 umræddu samkomulagi varðandi tímabundna staðsetningu 2ja lausra kennslustofa við leikskólann Hvamm.

Samkomulag þetta byggir sem fyrr á þeim aðgerðum sem gripið var til varðandi úrbætur í umferðaröryggismálum við Staðarhvammm og tilfærslu á bílastæðum við götuna. Þá liggur fyrir að bæjaryfirvöld hafa hafnað framkomnum tillögum um íbúðaframkvæmdir á Jófríðarstaðatúni vestan Stekkjarhvamms.

Hafnarfjarðarbær hefur unnið að undirbúningi á flutningi stofanna.

Í ljósi þessarar stöðu eru Hafnarfjarðarbær og íbúar við Staðarhvammm sammála um að endurnýja áður gert samkomulag um tímabundna staðsetningu 2ja lausra kennslustofa við leikskólann Hvamm til 15. júlí 2016 og jafnframt að ekki verði um frekari framlengingu á samningi þessum að ræða. Stofurnar verði í síðasta lagi fjarlægðar þá og gengið frá svæðinu við Jófríðarstaðatún eins og það var áður en húsin voru sett niður.

Samkomulag liggur fyrir við Kaþólsku kirkjuna á Íslandi um tímabundin afnot af bílastæðum kirkjunnar á Jófríðarstaðatúni til sama tíma. Þau bílastæði verða nýtt fyrir aðkomu foreldra, barna og starfsfólks sem munu hafa aðsetur í lausu stofunum. Þannig verður áfram komið í veg fyrir aukið umferðarflæði um Staðarhvammm.

Hafnarfirði 27. maí 2014

Fyrir hönd íbúa við Staðarhvammm

Jón Guðmundur Jónsson
Staðarhvammm 17
Magnús Ágúst Magnússon
Staðarhvammm 9

Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar með fyrirvara um staðfestingu bæjarráðs

Andri Snær Magnússon
